



1. Kynnist burstanum

Beurer FC 95 andlitsburstinn býður upp á þægilega og fullkomna hreinsun. Hann hreinsar ekki bara hörundið, heldur örvar hann einnig blóðflæðið. Andlitsburstinn er bæði með hringlaga og sveiflukenndar hreyfingar fyrir fullkomna og djúpa hreinsun. Fyrir utan að vera með bursta fyrir venjulegt hörund, fylgir einnig bursti fyrir viðkvæmt hörund og áhald fyrir djúphreinsun á porum. Með burstanum fylgir einnig áhald fyrir slípun á andlitsflögum. Það áhald var sérstaklega hannað fyrir slíkar aðgerðir.

2 Það sem fylgir með burstanum

- | | |
|--------------------------------------|---------------------------|
| 4 x hettur fyrir burstana | 1 x hleðslutæki |
| 1 x áhald fyrir venjulegt hörund | 1 x tengill fyrir rafmagn |
| 1 x áhald fyrir viðkvæmt hörund | 1 x handáhald |
| 1 x áhald fyrir djúphreinsun á porum | 1 x leiðbeiningar |
| 1 x áhald fyrir slípun á húðflögum | |

3 Merki og tákn

Eftirfarandi merki og tákn koma fyrir í þessum leiðbeiningum:

	VIÐVÖRUN um mhættu á meiðslum eða heilsu
	ÁRÍÐANDI upplýsingar um skemmdir á tækinu
	RÁÐLEGGING Má alveg nota í baði eða sturtu
	Lesið leiðbeiningarnar
	Tækið er með tvöfaldir einangrun
	Fargið tækinu í samræmi við gildandi umhverfisreglur á staðnum
	Framleiðandi
	ATH: áríðandi upplýsingar
	Notist aðeins innandyra

4 Notkun

Tækið á eingöngu að nota á andlit (ekki þó svæðið í kring um augun).

Notið tækið aldrei á húsdýr. Og athugið að tækið er ekki fyrir börn yngri en 8 ára.

Tækið er eingöngu fyrir þá notkun sem lýst er í þessum leiðbeiningum, og framleiðandinn tekur ekki ábyrgð á tækinu ef það er notað til annars..

5 Aðvaranir og öryggismál



Aðvörun

Notið tækið **EKKI**:


- á sprungið hörund
- á opin sár
- ef erting er í húðinni eða um húðsjúkdóm er að ræða
- strax að loknu sólbaði
- ef þið eruð á lyfjum sem innihalda stera



ÁRÍÐANDI

Að viðgerðir á tækinu verða að vera framkvæmdar af til þess hæfum viðgerðarmönnum. Komið tækinu til umboðsaðila Beurer til að tryggja örugga þjónustu.

6 Lýsing á tækinu



Bursti

ON/OFF rofi og
hraðastillir

Snúningshnappur



Bursti fyrir venjulegt hörund



Bursti fyrir viðkvæmt hörund



Bursti fyrir djúphreinsun á porum



Bursti fyrir slípun á húðflögum

7 Fyrsta notkun

7.1 Hlaðið tækið

Hlaðið tækið í það minnsta í 6 klukkutíma áður en þið notið það í fyrsta sinn:

1. Setjið snúruna í samband við hleðslutækið.
2. Tengid hleðslutækið síðan við rafmagnstengil
3. Setjið tækið ofan frá í hleðslutækið. Á meðan á hleðslu stendur blikka díóðuljósinn í hringnum í kring um ON/OFF rofann, en þegar hleðslu hefur verið náð loga þessi ljós stöðugt.

7.2 Bursti settur á tækið

Þið getið valið um 4 mismunandi gerðir af burstum

- Bursta fyrir venjulegt hörund
- Bursta fyrir viðkvæmt hörund

- Bursta fyrir djúphreinsun á porum
- Bursta fyrir slípun á húðflögum

1. Setjið þann bursta sem þið ætlið að nota ofan frá á tækið.
2. Til að fjarlægja burstann togið þið hann einfaldlega upp á við.

8 Notkun

1. Vætið burstann sem nota á aðeins í vatni. Notið burstana aldrei þurra, því þá geta þeir ert hörundið.
2. Berið hreinsunargelið á hörundið.
3. Kveikið á tækinu með því að ýta á ON/OFF hnappinn í 2 sekúndur. Þá byrjar burstinn að snúast.
4. Tækið er með hægum, meðal og hröðum stillingum, og til að skipta á milli hraðanna ýtið þið snögglega á ON/OFF hnappinn. Valinn hraði er sýndur með díóðuljósi á viðeigandi stað.
5. Með snúningshnappnum getið þið svo ráðið snúningnum. Tækið er með hringlaga hreyfingar fyrir milda og viðkvæma andlitshreinsun og svo sveiflubundnar hringlaga hreyfingar fyrir ítarlegri hreinsun.
6. Þrýstið tækinu varlega að andlitinu til að hreinsa hörundið með jöfnum hreyfingum til að fjarlægja leifar, óhreinindi og dauðar húðfrumur.

Ath:

Til að ná fram þægilegri meðferð, þá eigið þið ekki að ýta burstanum of fast að hörundinu, og hreinsið hvert svæði ekki lengur en í 20 sekúndur.

Tækið er með einnar mínútu tímarofa og stöðvast einnig snögglega á 20 sekúndna fresti, til að benda ykkur á að færa ykkur yfir á annað svæði. Andlitsburstinn slekkur svo sjálfkrafa á sér eftir 3 x 20 sekúndur. Ráðlagður notkunartími í hvert sinn er aðeins 1 mínúta

7. Slökkvið alveg á tækinu að notkun lokinni með því að ýta á ON/OFF rofann í ca. 2 sekúndur.
8. Hreinsið andlitið rækilega með vatni til að fjarlægja öll óhreinindi af andlitinu.
9. Þurrkið andlitið með því að klappa það með handklæði og að lokum berið þið svo rakakrem á það með jöfnum hringlaga hreyfingum.

9 Hreinsun

ÁRÍÐANDI

Togið burstann af tækinu og hreinsið hann vel og vandlega í vatni að notkun lokinni.

9.2 Hreinsun á tækinu og hleðslutækinu

- Hreinsið tækið eingöngu með mjúkum dálítið rökum klút. Ef um meiri háttar óhreinindi er að ræða getið þið einnig notað mjúkan klút vættan í mildum sápulegi. Notið aldrei gróf hreinsiefni.
- Gætið þess að ekkert vatn eða annar vökvi komist inn í tækið. Ef slíkt kemur fyrir má alls ekki nota það fyrr en það hefur þornað fullkomlega.
- Verjið tækið fyrir höggum, raka, ryki, kemískum efnum, miklum hitasveiflum og nálægum hitatækjum (ofnum, hiturum o.þ.h.).


10 Förgun

Fargið tækinu eingöngu í samræmi við umhverfisreglur á þeim stað sem þið eruð. Beurer umboðið mun fúslega hjálpa ykkur ef þið eruð í vafa, og einnig getið þið haft samband við endurvinnslustöðvar á svæðinu. Rafhlöðunni þarf að farga sérstaklega, og henni má aldrei henda með almennu sorpi.

Til að fjarlægja rafhlöðuna, notið þið skrúfjárn til að þrýsta lokinu sem er yfir burstahöldunni upp á við. Síðan þarf að fjarlægja rafhlöðuna úr tækinu og farga henni sér á endurvinnslustöðum.

11 Endurnýjanlegir slithlutir

Þeir eru fáanlegir hjá Beurer umboðsaðilum:

Tegund af bursta	 Bursti fyrir venjulegt hörund	 Bursti fyrir viðkvæmt hörund	 Bursti fyrir slípun á hörundi	 Bursti fyrir djúp-hreinsun á porum
Notist við:	Daglega hreinsun	Daglega viðkvæma hreinsun	Vikulega slípun til að fjarlægja húðfrumur	Daglega hreinsun á stækkandi og stífluðum porum
Hörundstegund:	Venjulegt, og sambland af röku og venjulegu hörundi	Viðkvæmt hörund	Allar tegundir af hörundi	Allar tegundir af hörundi
Endurnýja:	Eftir 4 mánuði	Eftir 4 mánuði	Eftir 4 mánuði	Eftir 6 mánuði
Pöntunarnúmer:	605.56	605.57	605.58	605.59

12 Gangtruflanir og ráð við þeim

Vandamál	Ráð við þeim
Ekki hægt að hlaða tækið	Fullvissið ykkur um að hleðslutækið sé tengt við virkan tengil og að tækið sé rétt sett á hleðslutækið. Ef þetta er í lagi og vandamálið enn til staðar, hafið þá samband við Beurer þjónustuaðila á svæðinu.
Ekki hægt að kveikja á tækinu	Þegar þið kveikið á tækinu, fullvissið ykkur um að þið ýtið nægjanlega fast á hnappinn og haldið honum inni í nógu langan tíma. Athugið einnig að hlaða tækið eins og lýst er í leiðbeiningunum. Hafið annars samband við Beurer þjónustuaðila á svæðinu.
Tækið hreinsar ekki eins vel og það gerði í byrjun	Burstinn er orðinn slitinn. Endurnýjið burstann. Ef þið eigið enga varabursta, þá fást þeir hjá Beurer umboðinu.

13 Tæknilegar upplýsingar

Fyrir rafmagn:	100-240 Volt ; 50/60 rið; 0,5A
Mál:	20 x 4,5 x 4,5 cm
Þyngd	u.þ.b. 120 grömm

PFAFF hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík
sími 414-0400
www.pfaff.is,